

Lágafellspósturinn

Mjólk og töfrar hjá 3. bekk

Í síðustu viku fóru nemendur úr þriðja árgangi hér í Lágafellsskóla í heimsókn í Mjólkursamsöluna. Þar fræddust börnin um framleiðsluferlið, fengu veitingar og hittu töframann sem sýndi þeim listir sínar.



Lína Langsokkur

Nemendur í 6. árgangi hafa verið að æfa leikritið um Línu Langsokk í tónmenntahópi hjá Gerði Gísladóttur tónmenntakennara. 18. janúar sl. sýndu þau afrakstur vinnunnar og var vel tekið af áhorfendum.



5. tölublað

Meðal efnis er:

- > 3. bekkur
- > Lína Langsokkur
- > Tískusýning
- > Forvarnir

Á döfinni

1. febrúar

100 daga hátíð í fyrsta bekk

2. febrúar

Foreldradagur

3. febrúar

Haldið upp á dag stærðfræðinnar hjá 1. bekk og leikskóladeild

14.-21.

febrúar

Kærleiksvika í Mosfellsbæ

18. og 21.

febrúar

Vetrarfrí

22. febrúar

Starfsdagur

Samvera—Samvinna—Samkennd

Lágafellspósturinn 5. tbl. 1. árg. janúar 2011. Fréttabréf Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.
Umsjón: Helena Katrín Hjaltadóttir. Ábyrgðarmaður: Jóhanna Magnúsdóttir. Lágafellspóstinn er að finna á heimasíðu skólans á www.lagafellsskoli.is

Haldið í gamlar hefðir

Á bóndadaginn, föstudaginn 21. janúar, fögnuðu nemendur og starfsfólk leikskóladeildar komu þorra. Í boði var kræsilegur þorramatur sem krakkarnir voru ólmir í að smakka á. Nemendur fengu fræðslu um gamlar hefðir og siði sem tengjast þorranum og settu upp sérstök höfuðföt sem þeir höfðu útbúið af þessu tilefni.



Þessir hressu strákar í 4. bekk unnu skemmtilegt verkefni í textíl. Þegar þeir höfðu lokið við að sauma bangsa og föt á hann þá var haldin bangsatískusýning. Þetta var afar skemmtilegt verkefni sem vakti mikla lukku.

Bangsatískusýning



Rithöfundur í heimsókn

Nemendur í 7. bekk eru að byrja að lesa bók Iðunnar Steinsdóttur, Gullnar töflur í grasi. Þetta er önnur bók Iðunnar í flokknum Lífið í Ásgarði, þar sem hlutar Snorra Eddu eru endursagðir. Síðasta vetur lásu nemendurnir fyrri bókinu, Óðinn og bræður hans. Í janúar kom höfundurinn sjálfur í heimsókn í bekkina með myndasýningu og rifjaði upp með þeim helstu persónur sögunnar. Hún fjallaði lítillega um sköpun heimsins samkvæmt ásatru og las svo upp úr bókinni stuttan kafla um klæki Loka. Nemendurnir voru áhugasamir og fengu sérstakt hrós frá Iðunni fyrir kurteisi og góða athygli.

Forvarnir

Unglingadeildin hefur undanfarnar vikur fengið heimsóknir í forvarnarskyni. Tannfræðingur hefur heimsótt 8. og 10. bekk og verið með fræðslu um tannvernd. Að auki hefur 10. bekkur tekið á móti læknanemum frá Ástráði sem er forvarnarstarf læknanema gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum. Vigdís hjúkrunarfræðingur hefur sinnt forvörnum hjá 4. bekk undanfarið og verið með fræðslu um tannvernd, slysavarnir og samskipti.